



Jóna Jónsdóttir,
formaður Góðvina.

Ávarp formanns

Góðvinir eru samtök nemenda sem brautskráðir eru frá Háskólanum á Akureyri og annarra velunnara skólans. Markmið samtakanna eru að auka tengsl skólans við fyrrum nemendur sína og styðja við uppbyggingu háskólans eftir fremsta megni, fjárhagslega og á annan hátt. Þetta gera Góðvinir m.a. með því að innheimta félagsgjöld, efna árlega til endurfunda og brautskráningarrveislu, heiðra afburðanemendur við brautskráningu og safna fjármagni frá fyrirtækjum.

Í stjórn Góðvina árið 2007 störfuðu auk mín, Eva Hrund Einarsdóttir varaformaður, Rúnar Þór Sigursteinsson gjaldkeri og Hermann Óskarsson meðstjórnandi og fulltrúi háskólaráðs. Frá Félagi Stúdenta (FSHA) voru Þuríður Jónasardóttir á fyrri hluta ársins og Reynir Albert Þórólfsson á þeim síðari. Þeim vil ég þakka fyrir gott samstarf.

Jóna Jónsdóttir, formaður Góðvina HA

FRAMUNDAN HJÁ GÓÐVINUM Á ÁRINU 2008

- **Aðalfundur 22. janúar 2008.** Haldinn í stofu L101 á Sólborg kl. 12-13. Hádegishressing í boði Lostætis.
- **Endurfundir og brautskráningarrveisla að kvöldi brautskráningardags 14. júní 2008.** Haldið í Sjallanum og hefst með fordrykk kl. 19:00. Þriggja rétta máltíð frá Lostæti, skemmtun og dansleikur á 5.500 krónur. Afmælisárgangar eru hvattir til að mæta. Skráning á netfangið jonaj@unak.is fyrir 1. júní 2008.

FYRIRTÆKJATAL

Í febrúar 2007 hófst vinna við að koma upp fyrirtækjatali Góðvina sem er hliðstætt félagatalinu. Haft var samband við u.þ.b. 80 fyrirtæki og félagasamtök sem hafa höfuðstöðvar á Akureyri og þeim boðin aðild. Eftirtaldir þáðu boðið:

| | |
|---|------------------------------|
| MS á Akureyri | Vörubær |
| Höldur ehf. | Halldór Ólafsson ehf. |
| Félag verslunar- & skrifstofufólks | Raftákn |
| Eining-löja | Bakaríið við Brúna |
| Pedromyndir | Framtal sf. |

Forsvarsmönnum fyrirtækjanna/félagasamtakanna er þakkað kærlega fyrir jákvæð viðbrögð og rausnarlegan stuðning. Áætlað er að vinna áfram að öflun félaga í fyrirtækjatal á árinu 2008.

HEIÐURSVERÐLAUN GÓÐVINA

Stjórn Góðvina heiðraði eftirtalda við brautskráningu 9. júní 2007 fyrir góðan námsárangur og óeigingjarnt starf í þágu háskólans á þeim tíma sem þeir voru við nám:

| | |
|--|---|
| Hörður Sævaldsson, auðlindafræði | Leena-Kaisa Viitanen, lögfræði |
| Andrea Hjálmsdóttir, félagsvísindi | Sara Pálsdóttir, viðskiptafræði |
| Soffía S. Jónasdóttir, hjúkrunarfræði | Davíð Steinar Guðjónsson, tölvunarfræði |
| Anna Sólveig Ingvadóttir, kennarafræði | |

Sérstök heiðursverðlaun fékk Þuríður Jónasardóttir sem útskrifaðist úr samfélags- og hagpróunarfræði og starfaði í stjórn Góðvina vorið 2007. Verðlaunin eru gullnælur sem Kristín Petra Guðmundsdóttir, gullsmiður hannaði og smíðaði sérstaklega fyrir Góðvini.

BRAUTSKRÁNINGARVEISLA OG ENDURFUNDIR Í SJALLANUM 9. JÚNÍ 2007

Að kvöldi brautskráningardags 9. júní 2007 efndu Góðvinir og FSHA til útskriftarveislu og endurfunda í Sjallanum á Akureyri. Er þetta í annað skipti sem slík hátíð er haldin. Dagskráin hófst með fordrykk og síðan var borin fram þríréttuð máltíð. Flutt voru ávörp og skemmtiatriði og farið var í samkvæmisleiki. Mesta athygli vakti Marimba sveitin frá Hafnalækjarskóla sem spilaði nokkur lög á ásláttarhljóðfæri fyrir gestina. Dagskránni lauk með dansleik þar sem hljómsveitin Bermúda spilaði. Veislustjóri var Þórhallur Þórhallsson sem kjörinn var fyndnasti maður ársins 2007.